

13. gr.

Um skyldu Hitaveitu Suðurnesja til greiðslu opinberra gjalda til ríkis, sýslu- og sveitarsjóða fer á sama hátt sem um skyldu sveitarfélaga, er slíkan rekstur hafa með höndum. Hitaveita Suðurnesja skal undanþegin stimpilgjöldum.

14. gr.

Ráðherra getur heimilað Hitaveitu Suðurnesja að taka eignarnámi jarðhitaréttindi, vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnámsins fer eftir lögum nr. 11/1973.

15. gr.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal stjórn fyrirtækisins skipuð og sameignarsamningur gerður milli aðila. Skal hvoru tveggja lokið fyrir 1. janúar 1975.

Íðnaðarráðherra setur reglugerð, þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd þessara laga og starfsemi Hitaveitu Suðurnesja. Skal stjórn Hitaveitu Suðurnesja undirbúa reglugerðina í samráði við eignaraðila.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

18. desember 1974.

Nr. 101.

FORSETABRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis 96. löggjafarþings, frá 20. desember 1974 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 27. janúar 1975.

Gjört í Reykjavík, 18. desember 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.